

Einkenni lesblindu hjá börnum áður en þau byrja í skóla

- Geta átt í erfiðleikum með talað mál
- Geta átt í erfiðleikum með rím
- Geta átt í erfiðleikum með að tjá hugsanir sínar
- Geta átt í erfiðleikum með að muna fyrirmæli
- Geta átt í erfiðleikum með að ákveða hvora höndina á að nota t.d. þegar þau leika sér eða skrifa.
- Geta átt í erfiðleikum með að læra að reima skó (reynir á áttun og raðvinnslu)
- Geta átt í erfiðleikum með að heyra mun á líkum hljóðum: i-í, b-p, k-g,ð-þ, f-v, t-d.
- Geta átt í erfiðleikum með hreyfiþroska t.d. erfitt að beyta skærum
- Geta átt í erfiðleikum með að læra hægri og vinstri
- Geta verið klaufaleg í hreyfingum
- Geta átt í erfiðleikum að læra að telja
- Geta átt í erfiðleikum með renna rennilás, hneppa

- Geta sökkt sér í dagdrauma
- Geta átt í erfiðleikum með að rata
- Geta átt í erfiðleikum með að muna heiti máðana og í hvaða röð þeir eru
- Geta átt í erfiðleikum með áttun í rými og tíma t.d. upp og niður, snemma og seint , gær og á morgun

Einkenni lesblindu hjá börnum sem eru byrjuð í skóla

- Geta átt í erfiðleikum með að byrja að læra að lesa
- Sumir fara ekki fram í lesti þá að þroski þeirra sé eðlilegur
- Eiga það til að lesa hægt og hikandi
- Stundum er skortur á meðvitund um hljóðin sem mynda orð, skipulag hljóða, röð atkvæða í orðum og hrynjanda
- Geta ruglað líkum stöfum t.d. p-b og u-y.
- Víxla stöfum og tölum t.d. 24 verða 42 og lás verður sál
- Speglaskrift er algeng

- Sleppa stundum úr orðum í texta
- Snúa stöfum við t.d. dóna í stað bóna
- Snúa orðaröð
- Skirfa illa
- Mikið um stafsetninga villur, algengar í litlum orðum t.d. þaug
- Ritunaræfingar stuttar, lítill söguþráður
- Óörugg í réttitun, breyta mikið stafsetningu orða
- Sleppa kommu og punktum í ritun
- Lesa orð en þekkja það síðan ekki aftur í annari setningu
- Lesa mikið en gera samt sömu mistökun aftur og aftur
- Geta átt erfitt með að einbeita sér þar sem það sér aðeins hluta blaðisins skýrt, aðrir hlutar eru eins og í þoku
- Geta átt í erfiðleikum með að muna það sem þau lesa
- Geta átt í erfiðleikum með að lesa undir álagi
- Geta átt í erfiðleikum með að endursegja sögu með því að skirfa niður á blað, en eiga auðvelt með að segja það munnlega

- Geta átt í erfiðleikum með skilning á hugtökum
- Geta átt í miklum erfiðleikum með að skirfa upp eftir töflu
- Skipta út orðum í setningu og setja í staðin orð sem hefur sömu merkingu en ólík í útliti. T.d. hoppa-stökkva
- Geta átt í erfiðleikum með að lesa nótur
- Geta átt í erfiðleikum með að muna margföldunartöfluna
- Geta átt í erfiðleikum með að muna vísindalegar staðreyndir eins og t.d. að vatn sjóði við 100 gráður
- Geta átt í erfiðleikum námslega
- Eru treg við að fara í skólann
- Njóta sín ekki í lestri þó þau séu ágælegt læs
- Sleppa eða breyta viðskeytum orða t.d. halla í stað hallandi
- Eriðleikar koma stundum í ljós þegar þau fara að læra erlend tungummál

Heimildir:

- Jean Blight. (1985). *Leiðarvísir um dyslexíu*. Brynjar Víborg þýddi. Reykjavík, Íslenska dyslexíufélagið.
- Elín Vilheimsdóttir. (2002). *Hvernig geta nemendur nýtt hæfileika sína best í námi?*. tilraunaútgáfa.
- Margaret Crombie. (1992). *Specific learning difficulties (dyslexia) a teachers' guide*. Glasgow, Jordanhill College of education.

Einkenni lesblindu hjá börnum



Þessi bæklingur er ætlaður að hjálpa foreldrum og kennurum ef grunur vaknar að barn gæti verið lesblint.

Hvert og eitt einasta barn er með sín einkenni og enginn tveir eru eins.

Í bæklingnum eru mörg einkenni talinn upp sem eiga við lesblind börn.

Ef mörg einkenni eiga við barnið leitið hjálpar til aðlita sem sjá um lesblindu greiningar.